

Nefndasvið Alþingis,
Félagsmálanefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 18. apríl 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frumvarpið kveður m.a. á um að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins, 93/104/EB, um þætti er varða skipulag vinnutíma. Frumvarpið kveður á um að teknar verði upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar.

Einnig gerir það ráð fyrir því að lögleiddar verði ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum samkvæmt tilskipun ráðsins, 89/391/EBE. Þar eru atvinnurekendur skikkaðir til að meta áhættu í vinnuumhverfi fyrir öryggi og heilsu starfsmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum, áætlun um forvarnir og forgangsröðun úrbóta og heilsuvernd innan fyrirtækis. Ef aðstæður innan fyrirtækis krefjast færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal leita aðstoðar hæfra þjónustuaðila.

Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er m.a. kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skal Vinnueftirlit ríkisins hafa eftirlit með að gerðar séu skriflegar áætlanir um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og leita skal aðstoðar viðurkenndra þjónustuaðila þegar við á. Skal félagsmálaráðherra setja nánari reglur um framkvæmdina.

Hvað varðar efnislega framkvæmd þá mun hún að miklu leyti ráðast af reglum sem frumvarpið mælir fyrir um að settar skuli. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir að reglur sem settar verði um umfang áhættumats og viðbragða í kjölfar þess taki mið af eðli þeirrar starfsemi sem við á. Í þriðja lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar með hliðsjón af tilskipun ráðsins, 94/33/EB, um vinnuvernd barna og ungmenna.


Af þessu má ljóst vera að áfrif frumvarpsins, verði það að lögum, munu fyrst og fremst markast af efni reglugerða og reglna sem félagsmálaráðherra setur og einnig því hvernig Vinnueftirliti ríkisins tekst að framfylgja þeim.

Fagmenn til sjós og lands!

Því miður er það bæði gömul saga og ný að ekki er í öllum tilvikum fylgt eftir opinberum fyrirmælum hvað varðar öryggi á vinnustöðum. Því skiptir öllu máli að Vinnueftirliti ríkisins verði eft og sett ströng viðurlög séu ekki gerðar ráðstafanir af viðkomandi vinnuveitanda í samræmi við athugasemdir eftirlitsins á hverjum tíma.

Verði það gert og Vinnueftirliti ríkisins tryggð þau starfsskilyrði sem til þurfa er fölginn verulegur ávinningur fyrir öryggi á vinnustöðum í efnisatriðum þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórnafélags Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Laxdal', is written over a horizontal dashed line. The signature is fluid and cursive.

Helgi Laxdal, formaður